



## SAMKEPPNISLÝSING

### Hugmyndasamkeppni um aðkomutákn (kennileiti, einkenni) fyrir Garðabæ

**Garðabær** í samvinnu við **Hönnunarmiðstöð Íslands** efnir til samkeppni um hönnun á nýju aðkomutákni / einkenni til að marka aðkomu að bænum.

#### Verkefnið

Garðabær leitar eftir hugmyndum um nýtt aðkomutákn sem sett verður upp við aðkomuleiðir inn í Garðabæ. Aðkomutákninu er ætlað að vekja athygli á Garðabæ og marka það svæði sem honum tilheyrir.

Leitað er að tákni fyrir bæinn sem er ætlað að marka aðkomustaði við bæjarmörk en einnig að þema þess verði nýtt á margvíslegan hátt eins og við gerð listmuna, bréfsefnis, heimasíðu osfv. Á næsta ári verða liðin 40 frá því að Garðabær fékk kaupstaðarréttindi. Hluti af þeim hátíðahöldum verður vígsla táknsins.

Unnið verður með vinningshafa að frekari hönnun og útfærslu tillögunnar. Samkeppnin fer fram samkvæmt samkeppnislýsingu, fylgigögnum og samkeppnisreglum Hönnunarmiðstöðvar Íslands.

#### Markmið

Helstu áherslur sem horft verður til í mati á tillögum keppenda:

Aðkomutáknið þarf að vera grípandi, dæmi um góða hönnun og listsköpun og lýsandi fyrir það sem er einkennandi fyrir Garðabæ.

Sérstaklega skal horft til einstakrar náttúru bæjarlandsins.

#### Viðmið

Auk framangreindra markmiða verður horft til neðangreindra viðmiða við mat á úrlausn og hönnun:

Óskað er eftir því að hönnuðir sýni skýrt fram á efnisval og með hvaða hætti megi framleiða táknið.

Hugsanlegt verður að framleidd verði stærri tákn við stofnbrautir og smærri við aðrar aðkomur.

### **Þátttaka**

Samkeppnin er opin menntuðum hönnuðum, arkitektum og myndlistamönnum. Ef teymi vinnur saman að tillögunni er nóg að einn úr teyminu uppfylli menntunarkröfur. Samningur verður gerður við vinningshafa um frekari úrfærslu hugmyndarinnar, notkunarrétt og framkvæmd. Verkkaupa er heimilt að leita samninga um kaup á öðrum tillögum t.d. vegna minjagripagerðar.

Boðið verður upp á sérstaka kynningardagskrá með vettvangsskoðun fyrir þá þátttakendur sem áhuga hafa á.

### **Verðlaunafé**

Fyrstu verðlaun eru samtals 2.000.000 króna og verða veitt fyrir þá tillögu sem valin verður í fyrsta sæti. Dómnefnd er þar að auki heimilt að veita sérstakar viðurkenningar.

### **Dómnefnd**

XX tilnefnd af Garðabæ

XX tilnefnd af Garðabæ

XX tilnefnd af Garðabæ

XX tilnefnd af Hönnunarmiðstöð

XX tilnefnd af Hönnunarmiðstöð

Dómnefnd áskilur sér rétt til að hafna öllum tillögum.

Garðabær skal tilnefna formann dómnefndar.

### **Keppnisritari**

Ritari keppinnar er XXXXXX. Fyrirspurnir þurfa að berast fyrir fimmtudaginn 26. nóvember á veffangið samkeppni@honnunarmidstod.is. Öllum spurningum verður svarað og svörin birt á heimasíðu Hönnunarmiðstöðvar [www.honnunarmidstod.is](http://www.honnunarmidstod.is) fimmtudaginn 3. desember .

### **Samkeppnisgögn og skil**

Þáttakendum er í sjálfsvald sett með hvaða hætti tillagan er sett fram en gögn þurfa að vera auðskilin og hugmyndin að baki tillögunnar skýr.

Tillögum skal skila í lokuðu umslagi merktu dulnefni í Hönnunarmiðstöð Íslands, Vonarstræti 4b, 101 Reykjavík, fyrir kl. 12:00, fimmtudaginn 28. ja' númer 2016. Í umslaginu skal vera annað lokað umslag merkt dulnefni en inni í því þarf rétt nafn hönnuðar, heimilisfang og sími að koma fram. Tillögum skal skila útprentuðum á A3 blaði í lit (hámark 2 síður). Tillögur á pdf skjölum skulu einnig fylgja. Ef módel eða skúlptúr fylgir skal það vera innpakkað og merkt tillögunni.

Úrslit samkeppninar verða tilkynnt á HönnunarMars 2016. Ekki verður hægt að tryggja að keppendur fái tillögur sínar afhentar að keppni lokinni. Garðabær áskilur sér rétt til þess að efna til sýningar á innsendum tillögum.

### **Tímarammi verkefnis**

1. Keppninslýsing og kynningarefni tilbúið fimmtudaginn 5. nóvember 2015
2. Kynningarfundur í Hönnunarsafni fimmtudaginn 12. nóvember 2015
3. Kynningar og auglýsingar:
  5. – 12. nóv. kynna keppni og kynningarfund
  3. desember kynna keppni og svör úr fyrirspurnumíterekum keppnina í byrjun janúar 2016
4. Skilafrestur tillagna er til hádegis fimmtudaginn 28. janúar 2016
5. Dómnefndarstörf fara fram á bilinu 3.-17 febrúar 2016
6. Verðlaunaafhending fer fram laugardaginn 5. mars 2016 (HönnunarMars)

### **Nánari upplýsingar um Garðabæ og verkefnið**

Hér er nánari lýsin eða vísun á vefslóðir og fróðlegt efni til innblásturs og upplýsinga.

Garðabær áskilur sér rétt til þess að halda sýningu á innsendum tillögum

Nánari upplýsingar um samkeppnina er að finna á vefslóðinni [www.honnunarmidstod.is](http://www.honnunarmidstod.is).